

Gjaldskráin hækkar að jafnaði um 3% og kemur hækkunin jafnt á alla texta nema rúmmálgjald hitaveitutaxta verður óbreytt og orkuverð hækkar sem því nemur.

Við bætist eftirfarandi gjaldskrá fyrir hitaveitu á Reykhólum:

Fast gjald	13.294 kr/ári
Almenn notkun	93 kr/tonn
Sundlaugar og gróðurhús	31 kr/tonn

Iðnaðarráðuneytinu, 27. mars 1996.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 12 10. janúar 1994, með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3% frá 1. apríl 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. mars 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar B-hluti nr. 545 6. október 1994:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 3% frá og með 1. apríl 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. mars 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.